

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2010.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 19. febrúar 2010 skulu handhafar íslenskra flugrekstrarleyfa sem stunda millilandaflug uppfylla skilyrði ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um samræmdar reglur fyrir flugrekstur innan Bandalagsins.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 17. febrúar 2010.*

**Pétur K. Maack** flugmálastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2010